

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10. 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. október 1967.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Jón S. Ólafsson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 79 frá 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl.

### 1. gr.

Ný 3. málsgrein. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Viðskiptamálaráðuneytið ákveður, að höfðu samráði við Seðlabankann, skilyrði, sem innflytjendur hvers konar vara þurfa að fullnægja við gjaldeyriskaup eða innlausn vöruskjala, þar á meðal innborganir fjár, sem heimilt er að binda í banka-reikningi um ákveðinn tíma. Ákvæði þetta getur einnig náð til gjaldeyriskaupa til annars en vörukaupa, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., og öðlast gildi nú þegar.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 27. október 1967.*

Gylfi Þ. Gíslason.

*Þórhallur Ásgeirsson.*

## REIKNINGUR

berklavarnasjóðs Ólafs Halldórssonar.

Ársreikningur 1964, 1965 og 1966.

Höfuðstóll:

Eign 1. janúar 1964 skv. birtum reikningi .....	kr. 6 402.71
Aukning skv. eftirfarandi reikningi .....	— 1 800.25

**Kr. 8 202.96**